



Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræði 8 – 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2017

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti, 146. mál.**

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að stjórnvöld styðji við orkuskipti og þá þróun sem þegar er hafin hérlandis og um allan heim. Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og skipum er stór hluti losunar á Íslandi og nauðsynlegt er að horfa til þess í ljósi Parísarsamningsins sem íslensk stjórnvöld hafa nú fullgilt. Aðgerðir sem gripið er til á þessu sviði munu hafa áhrif á getu til að ná markmiðum um minni losun sem þar er sett.

Á tíma mikilla breytinga liggja víða tækifæri til nýsköpunar og atvinnuuppbryggingar. Samtökin fagna því að meðal markmiða þingsályktunartillögunnar er aukin nýsköpun og atvinnuþróun. Til þess að svo megi verða þarf beinan stuðning rannsóknarsjóða en einnig innviði, hvata og regluverk sem tekur mið af nýrri tækni. Um leið þarf að tryggja samræmi milli Íslands og Evrópu til að samkeppnisstaða innlendra aðila sé ekki skekkt. Í lið A.7. er fjallað um sjálfbærniviðmið og Samtökin telja að fylgja eigi Evróputilskipunum enda um tæknilega flókin atriði að ræða. Eins þarf að innleiða alþjóðareglur sem Ísland er aðili að, sbr. lið C.5.

Við breytingar á gjaldtöku á eldsneyti, sem fjallað er um í lið A.1., þarf að huga að stöðu atvinnubifreiða og atvinnureksturs sem eðli síns vegna kallar á mikinn akstur og orkunotkun. Ætla má að stærri flutningabifreiðar sem aka langar vegalengdir eigi óhægt um vik að nýta sér nýrri orkugjafa framan af. Meðan innviðir og tækni er ekki til staðar þarf að gæta að samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina.

Samtökin hafa tekið þátt samstarfi Grænu orkunnar – samstarfsvettvangs um orkuskipti og í Hafinu – öndvegissettur um sjárbæra nýtingu og verndun hafsins. Það hefur sýnt sig að skýr aðgerðaáætlun af hálfu stjórnvalda, með tímamörkum og ábyrgðaraðilum, skiptir sköpum til að koma verkefnum áleiðis. Einnig hefur sýnt sig að samtal og upplýsingaflæði er mikilvægur þáttur því verkefnið er flókið og fjöldi ólíkra aðila þurfa að koma að því. Áfram er þarf því að vinna verkefnið í breiðu samstarfi.

Bryndís Skúladóttir,  
sviðsstjóri framleiðslusviðs